

Viðskiptaþing 2013

Stillum saman strengi – Hagkvæmni til heilla

Ræða formanns Viðskiptaráðs Íslands

Hreggviður Jónsson

## Ágætu gestir – velkomin á Viðskiptaþing 2013!

Það er ánægjulegt að sjá hversu margir eru með okkur hér í dag. Það er til vitnis um að viðfangsefnið, **samstarf til aukinnar hagkvæmni og verðmætasköpunar á Íslandi**, er brýnt.

Ég vil hefja ræðu mína á að vitna í orð félaga míns, sem situr hér í salnum, **fyrirum formanns Viðskiptaráðs og heiðursfélaga**, Jóhanns J. Ólafssonar:

*„Mikið verk er framundan. Verzlunarráð Íslands mun í samráði við önnur samtök atvinnulífsins, neytenda, launþega og hins opinbera leggja sitt af mörkum til að árangur náist*

*... nú er þörf sátta og samlyndis, samstöðu þjóðarinnar út á við ...*

*... þjóðin þarf skýr markmið sem hún getur sameinast um ...*

*... til þess að ná markmiðum okkar þurfum við að efla sérstöðu okkar, styrkja efnahagslegt sjálfstæði og fjárhagslegt heilbrigði.*

*Halda vöku okkar og standa vel á verði, en fyrst og fremst að standa saman.“*

Þessi orð féllu í ræðu Jóhanns á Viðskiptaþingi fyrir aldarfjórðungi síðan, **næstum því upp á dag – eða þann 14. febrúar árið 1989**. Margir hér inni muna eftir því hversu harðneskjulegt efnahagssumhverfið var á þessum tíma. Tæpu ári síðar, þann 2. febrúar 1990, tóku allir helstu hagsmunaaðilar sig saman um breytta stefnu og **úr varð þjóðarsáttin**. Segja má að grundvöllur þessa áfanga, sem lýst hefur verið sem **einu mesta efnahagsafreki** í sögu lýðveldisins, hafi **fyrst og fremst** verið samstaða um eftirsóknarverða framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag.

### Kæru gestir!

**Í dag stöndum við í svipuðum sporum**. Umrótið í efnahagsmálum hefur staðið of lengi, framtíðarsýn um uppbyggingu er óljós og væntingar um bætt lífskjör einnig. Sú samstaða sem birtist í þjóðarsáttinni fyrir 25 árum hefur **ekki** verið til staðar. Ágreiningur um hugmyndafræði hefur ráðið um of á kostnað hagkvæmni – sem **þó er undirstaða bættra lífskjara**, nú og til framtíðar.

Viðurkennt er að íslenskur sjávarútvegur og skipulag hans er **ljósið í myrkrinu varðandi hagkvæmni í íslensku atvinnulífi**. Það ætti að vera okkur öllum kappsmál að eiga fleiri atvinnureinar á þeim stalli. **Það er því með öllu óskiljanlegt** að opinberar aðgerðir síðustu missera hafi miðað að því að draga úr hagkvæmni og arðsemi í íslenskum sjávarútvegi – **á þann hátt - að komi niður á lífskjörum allrar þjóðarinnar**.

Við verðum að ná breiðri sátt um þær grunnstoðir sem standa undir verðmætasköpun í landinu - **enda hljótum við að vera sammála um það markmið** að efla hér lífskjör. Það verður hinsvegar **eingöngu gert með því** að búa hér til hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulífið.

Frá lokum árs 2008 hefur ekki skort á tillögur um hvernig megi nálgast þetta verk, **en ríflega 180 skýrslur um íslensk efnahagsmál** í víðu samhengi hafa verið gefnar út síðan þá. Eins og fyrir 25 árum hefur Viðskiptaráð heldur ekki látið sitt eftir liggja.

Á Viðskiptaþingi 2011 var megináhersla lögð á þau fjölmörgu tækifæri sem eru til staðar á Íslandi og í fyrra var fjallað um virði atvinnulífsins, **sem er jafnt þeim lífskjörum sem þjóðin býr við hverju sinni**.

Á Viðskiptaþingi í fyrra var tilkynnt að alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið *McKinsey & Company* myndi ráðast í vinnu við mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Ísland m.t.t. þess hvernig megi hámarka hér verðmætasköpun og lífskjör.

Afurð þeirrar vinnu leit ljós í októbermánuði síðastliðnum og ber heitið „**Charting a Growth Path for Iceland**.“ Skilaboð skýrslunnar hafa almennt hlotið jákvæðar viðtökur og gildir þar einu hvort horft er til atvinnulífs, stjórnsýslu eða stjórn mála. **Það veit á gott!** - Því orð eru til alls fyrst.

Í myndskreiðinu sem hér fer á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum skýrslunnar:

Í grófum dráttum eru skilaboð skýrslu *McKinsey & Company* fjórþætt:

- **Í fyrsta lagi** að Ísland er að dragast aftur úr nágrannalífsmáttum sínum hvað lífskjör varðar.
- **Í öðru lagi** að undirstöður lífskjara, grunnstoðir atvinnulífsins, eru fjölmargar og tækifærin því næg.
- **Í þriðja lagi** að breyta þarf áherslum til að gera okkur kleift að nýta tækifærin til að skapa meiri verðmæti með minni tilkostnaði.
- **Og í fjórða og síðasta lagi** að víðtækrar samstöðu atvinnulífs, stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila er þörf til að styðja við verðmætasköpun og lífskjarasókn.

Skýrslu okkar til Viðskiptaþings, sem hér liggur á borðum, köllum við **Hugmyndahandbók**. Í henni er að finna 13 tillögur um aðgerðir og stefnubreytingu. **Við teljum að þær muni leiða af sér aukna hagkvæmni, meiri hagvöxt og bætt lífskjör**. Tillögurnar eru afrakstur vinnu þriggja hópa sérfræðinga úr íslensku atvinnulífi og háskólasamfélagi. **Sigrún Ragna Ólafsdóttir**, forstjóri VÍS og stjórnarmaður í Viðskiptaráði, mun gera grein fyrir þessum tillögum hér á eftir.

### Ágætu fundarmenn

Það er löngu viðurkennt að **öflugt atvinnulíf er undirstaða lífskjara og velferðar í landinu**. Sú umræða er því alls ekki ný af nálinni, en hún birtist m.a. víða í ræðu og riti á vettvangi stjórn mála. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 segir m.a.:

„Hagvöxtur sem leiðir af traustum og arðbærum fjárfestingum og batnandi rekstrarskilyrðum atvinnulífsins er ein meginforsendan fyrir því að það takist að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins á næstu árum. **Markmiðið er sjálfbær vöxtur hagkerfisins, byggður á raunverulegri verðmætasköpun en ekki skuldsetningu.** [...] Þannig eflist tekjugrunnur ríkissjóðs og sveitarfélaga, þörfin fyrir aðhald og niðurskurð á útgjaldahlið verður minni og í framhaldinu verður hægt að hefja uppgreiðslu skulda og snúa vörn í sókn í velferðarmálum.“

**Með öðrum orðum**, langtímastefna um aukna verðmætasköpun, bætta samkeppnishæfni og betri lífskjör – **felur í sér að framleiðni atvinnulífsins verði aukin varanlega**. Þetta er sú keðjuverkun sem einkennir heilbriggt hagkerfi og **við kjósum að kalla hringrás heildarhagsmuna**.

Að mínu mati þarf tvennt til að hrinda þeirri hringrás af stað. **Annars vegar** að við högum öllum aðgerðum þannig að framleiðsluþættirnir verði nýttir með hagkvæmum hætti, m.a. með því að efla samkeppni á mörkuðum, nýta betur hagkvæmni stærðarinnar og opna hagkerfið. **Hins vegar** að þær aðgerðir verði mótaðar í sem mestri sátt, **því það er frumforsenda stöðugleika til lengri tíma**.

Nú í janúar var hleypt af stökkunum [samráðsvettvangi stjórn mála og atvinnulífs um aukna hagsæld á Íslandi](#). Að vettvangnum, **sem Ragna Árnadóttir veitir formennsku**, kemur fjölbreyttur hópur úr stjórn sýslu, atvinnulífi, stjórn málum, launþegahreyfingum og fræðasamfélagi.

Þessum vettvangi er ætlað að móta tillögur að aðgerðum sem stuðlað geta að langtímahagvexti og efnahagslegum stöðugleika. **Verkið er augljóslega þarft**, en nýlegar tölur Seðlabankans gefa til kynna dræmari hagvöxt á síðasta ári en spáð var. **Fjárfestingar og einkaneysla eru þar undir væntingum**, sem ætti **ekki** að koma á óvart miðað við þá óvissu sem ríkt hefur um skilyrði atvinnulífs. Þó árangur hafi náðst á vissum sviðum síðustu ár þá **höktir enn** gangverk hagkerfisins.

**Ég trúí því hinsvegar að þetta framtak marki hér ákveðin þáttaskil.**

**Í ræðu minni á síðasta Viðskiptaþingi var óskað eftir betra samtali atvinnulífs og stjórn mála.** Því vil ég nýta tækifærið nú og fagna þessu góða framtaki og fyrir hönd Viðskiptaráðs **þakka forsætisráðuneytinu og formönnum stjórn mála flokkanna** fyrir að veita því brautargengi. Þá vil ég þakka þeim einstaklingum, sem hafa gefið kost á sér til að móta og hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd, fyrir óeigingjarnt framlag þeirra. **Ég trúí því að það verði okkur ábatasamt.**

Tíminn einn mun hins vegar leiða það í ljós hvort þessi vinna verði talin til efnahagsafreka á borð við þjóðarsáttina fyrir tæpum aldarfjórðungi. Ég vona í það minnsta, **fyrir hönd barnanna okkar**, að endurtekið ákall hér um samstarf til að tryggja efnahagslegan stöðugleika verði ekki rifjað upp í þessum ræðustól á Viðskiptaþingi eftir önnur 25 ár.

Komandi kosningar munu veita ákveðna leiðsögn í þessum efnun. Verði í forgrunni yfirveguð og málefnaleg skoðanaskipti um áþreifanleg verkefni til að auka hagkvæmni – þar

Talað orð gildir

sem skipulagðar aðgerðir fylgja stefnu og framtíðarsýn - **þá mun takast að sameina félag og afl Íslendinga eins og okkur tókst árið 1990** og okkur mun farnast vel.

### **Ágætu gestir!**

Eins og áður segir, þá hefur enginn skortur verið á skrifum um íslensk efnahagsmál og aðgerðir til úrbóta á síðustu árum. **En orð án athafna duga okkur skammt og nú þurfa verkin að tala.** Fyrir liggur ágæt skýrsla *McKinsey & Company* sem leggur línur um hagvaxtarstefnu fyrir Ísland og á þeim forsendum getum við byggt aðgerðir og **grunn að nýrri þjóðarsátt.**

**Hugmyndahandbók Viðskiptaráðs** er einmitt hugsuð í þessum tilgangi, sem stutt yfirlit yfir þrettán aðgerðir sem vel er hægt að ráðast í á næstu misserum, sé vilji fyrir hendi.

Íslenskt atvinnulíf mun ekki láta sitt eftir liggja. Við þurfum að vera opin fyrir því að breytinga er þörf í okkar vinnulagi. Áfram þarf að hagræða í rekstri og hafa hagkvæmni að leiðarljósi. Við þurfum einnig að bæta stjórnarhætti, auka gagnsæi og fjölbreytni og **umfram allt sýna þann vilja til samstarfs sem við ætlum öðrum.**

**Tækifærin eru augljóslega til staðar.** Þrátt fyrir efnahagsumrót síðustu ára búum við að ríkulegum náttúruauðlindum, sterkum innviðum, fjölbreyttu atvinnulífi og hæfu vinnuafli. Til að þessir kostir Íslands verði nýttir til uppbyggingar lífskjara verður að koma til samstaða og samstarf. **Þess vegna höldum við þing okkar í ár undir yfirskriftinni Stillum saman strengi.** Þannig mun okkur takast að auka hér almenna hagsæld og gera Ísland aftur að einu þeirra landa þar sem lífskjör teljast best.

-----

Þau erindi og umræður sem hér fara á eftir munu með einum eða öðrum hætti fjalla um þróun verðmætasköpunar og lífskjara á Íslandi næstu ár og áratugi. Ég vil þakka þátttakendum fyrir þeirra framlag og færa jafnframt félögum og starfsfólki Viðskiptaráðs þakkir fyrir undirbúning þessa þings og *Hugmyndahandbókarinnar* sem hér liggur frammi.

**Takk fyrir!**